



Fundargerð
Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar
29.06.2017

219. fundur

sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 29. júní 2017 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ásvalds Þormóðssonar, Heiða Guðmundsdóttir, Ingibjörg Lukka Stefánsdóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Að auki sat fundinn Margrét Sólveig Snorradóttir sem ritaði fundargerð og Bjarni Reykjalin skipulags- og byggingarfulltrúi undir 5. lið.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 5. lið; Breyting á gildandi deiliskipulagi Reykjadal, land Hóla og Lauta og undir 6. lið; Erindi frá Einbúavirkjun ehf.

Dagskrá:

1. Rekstrarleyfi – Fermata North
2. Rekstrarleyfi – Guesthouse Hvítafell
3. Rekstrarleyfi – Láfsgerði
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar
5. Breyting á gildandi deiliskipulagi Reykjadal, land Hóla og Lauta.
6. Erindi frá Einbúavirkjun ehf.

1. Rekstrarleyfi – Fermata North

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 14. júní s.l. þar sem Helga Arngrímsdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, á Hólaveg 3 Laugum. Umsækjandi er með gilt leyfi fyrir heimagistingu í flokki I en er að stækka við sig. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

2. Rekstrarleyfi – Guesthouse Hvítafell

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 10. maí s.l. þar sem Kristjana Kristjánsdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, í Hvítafelli Laugum. Bætur við neðri hæð í íbúðarhúsi á leyfið. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

3. Rekstrarleyfi – Láfsgerði

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 16. maí s.l. þar sem Hólmfríður Sólveig Haraldsdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, í Láfsgerði. Bætur við húsi inn á lóð þar sem hún er með rekstrarleyfi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.06.2017

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22. júní sl. Sigurður Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.
2. liður fundargerðar; Mýri í Bárðardal. Umsókn um stofnun lóðar.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og felur skipulags-

og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í Fasteignaskrá eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

5. Breyting á gildandi deiliskipulagi Reykjadal, land Hóla og Lauta.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir heimild til að láta vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í landi Hóla og Lauta.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta vinna tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Hóla og Lauta.

6. Erindi frá Einbúavirkjun ehf.

Erindi frá Einbúavirkjun ehf. þar sem óskað er eftir því við sveitarstjórn Pingeyjarsveitar að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022 vegna byggingar virkjunarinnar. Ragnar Bjarnason vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til skipulags- og umhverfisnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

Arnór Benónýsson
Eiður Jónsson
Heiða Guðmundsdóttir
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir
Ingibjörg Lukka Stefánsdóttir
Ragnar Bjarnason

Sumarlokun í Seiglu á Laugum.

Seigla - miðstöð sköpunar verður lokuð í júlí.

**Orlofsferð húsmæðra
í Suður Þingeyjarsýslu 2017**

Í ár verður farin orlofsferð suður í Borgarfjörð dagana 22. til 24. september.

Gist verður á Fosshótel í Reykholti og farnar skoðunarferðir þaðan um nágrennið.

Áætlað verð fyrir gistingu í tvær nætur og kvöldverð á laugardegi er ca 28.000 á konu. Ferðakostnaður miðað við 20 konur er ca 18.000 en getur orðið lægri ef þátttaka verður meiri.

Ath. Ekki verður farið með færri en 20 konur.

Umsóknir þurfa að berast undirrituðum fyrir 20. júlí.

Rétt til orlofsferðar hafa allar konur sem staðið hafa fyrir heimili án launagreiðslu.

Nánari upplýsingar veita:

Guðný Þorbergsdóttir holar2@gmail.com sími 8459828

Inga Arnadóttir thorisstadir@internet.is sími 8627717

Torfhildur Sigurðardóttir tolla@storutjarnaskoli.is



Júlí 2017

Wunderhorn Tríóið

í Reykjahlíðarkirkju laugardaginn 8. júlí kl 21:00
Íslensk sönglög og óperuperlur. Frír aðgangur, allir velkomnir.

MUGISON í Léttsteypunni

fimmtudaginn 20. júlí kl 21:00
Frír aðgangur, allir velkomnir.
Balú Wraps & Sweets verður á staðnum.

Spunahljómsveitin TUSK á Gamla Bænum

föstudaginn 14. júlí kl 22:00
Frír aðgangur, allir velkomnir, 18 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

**GÓSS: Sigurður Guðmundsson, Sigríður Thorlacius og
Guðmundur Óskar í Jarðböðunum**

föstudaginn 28. júlí kl 13:00
Allir velkomnir. Hefðubundið gjald ofan í böðin.

Við kynnum með stolti lífandi tónlist í Mývatnssveit í samstarfi við Jarðböðin



Fylgist með okkur á samfélagsmiðlum
[facebook.com/lakemyvatnconcertseries](https://www.facebook.com/lakemyvatnconcertseries)
[instagram.com/lakemyvatnconcertseries](https://www.instagram.com/lakemyvatnconcertseries)
[twitter.com/lakemyvatn](https://www.twitter.com/lakemyvatn)

27.tbl.
5. júlí
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



KAFFIHLAÐBORÐ

Kvenfélag Fnjóskdæla

verður með kaffihlaðborð í Skógum tvær helgar í júlí.

- 8. og 9. júlí verður Ketill Tryggvason einnig með sýningu á dráttarvélamódelum.
- 15. og 16. júlí verður einnig tombóla.

Opið verður milli kl. 14:00– 17:00
Posi á staðnum.

Verð 2000 kr fullorðnir
Verð 500 kr börn

Þökkum stuðninginn

Fjáröflunarnefnd kvenfélags Fnjóskdæla